

Álitamál vegna nýrra laga um ársreikninga, fyrirspurnir frá félagsmönnum.

Þann 23. nóvember síðast liðinn sendi félagið tölvupóst á félagsmenn þar sem Reikningsskilanefnd FLE kallaði eftir spurningum og vangaveltum í þeim tilgangi að miðla síðan til ykkar ásamt svörum nefndarinnar. Það skal tekið skýrt fram að svörin eru álit nefndarinnar og því ekki hinn stóri sannleikur og í sumum tilfellum voru nefndarmenn jafnvel ekki sammála.

Vonandi er þetta framtak ákveðið innlegg í málin og veitir nýskipuðu Reikningsskilaráði haldgóðar upplýsingar til að koma með endanlega túlkun á hin ýmsu álitamál sem jafnvel gætu leitt af sér breytingar á lögum eða reglugerð.

Neðangreind álitamál ásamt svörum Reikningsskilanefndar FLE hefur þegar verið komið á framfæri við Reikningsskilaráð.

Álitamál

Spurningar félagsmanna eru orðaðar eins og þær bárust, svör Reikningsskilanefndar FLE eru skáletruð og millifyrirsagnir til að auðvelda lestur.

Reikningsskilanefnd mun senda allar fyrirspurnir til Reikningsskilaráðs og er því ekki um að ræða formlegt álit Reikningsskilanefndar FLE heldur einungis túlkun nefndarinnar og ábendingar til félagsmanna til að aðstoða við beitingu laganna.

Reikningsskilanefnd FLE tekur því enga ábyrgð á notkun þessa skjals við túlkun ákvæða laga um ársreikninga.

ÝMSAR SPURNINGAR

1. Eru reglur reikningsskilaráðs ennþá í gildi?

Já, ef tekið er mið af 119 gr. laganna.

2. Er reglugerð 696/1996 um framsetningu ársreikninga ennþá í gildi, þrátt fyrir að tilvísun í þeim sé til eldri ársreikningalaga? Þurfa öll félög sem gera ársreikninga skv. íslensku ársreikningalögunum að fara einnig eftir t.d. reglugerð 696/1996? Hvað ef ákvæði ofangreindra reglna og reglugerða stangast á við ákvæði ársreikningalaga eða eru ýtarlegri kröfur en ársreikningalögin kveða á um.

Já, við teljum að svo sé. Það er hins vegar túlkunaratriði hvort gengur fram. Reglugerðin gildir að svo miklu leyti að hún sé ekki í mótsögn við lögin. Reglugerð vísar í eldri ársreikningalög (nr. 145/1994) og því alltaf óljóst um gildi hennar þrátt fyrir breytingar.

3. Ef Örfélag er endurskoðunarskylt á grundvelli 3. eða 5. mgr. 98. gr., hvort ákvæðið ræður, endurskoðunarskyldan skv. 98 gr. eða undanþágan skv. 4. mgr. 96 gr.?

Reikningsskilanefndin skilur þessa spurningu þannig að hér sé verið spyrja um það hvort Örfélag sem er endurskoðunarskylt annað hvort vegna þess að ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta þess eða að um sé að ræða félag þar sem félagsmenn hafa farið fram á að kosin verði endurskoðandi geti verið undanþegið endurskoðunarskyldu á grundvelli 4. mgr. 96. gr. Nefndin telur að endurskoðunarskylda samkvæmt 98. gr. eigi að ráða og ef félag er endurskoðunarskylt skv. 98. gr. verði endurskoðun að fara fram.

4. Hvernig ber að túlka auknar körfur í skýrslu stjórnar, hvaða félög falla undir skilyrði um ófjárhagslega upplýsingagjöf?

Kröfur um ófjárhagslegar upplýsingar koma fram í 66. og 66. gr. d:

- Grein 66 á við um Einingar tengdar almanna hagsmunum og meðalstórum og stórum félögum.
- Grein 66 d á við um Einingar tengdar almanna hagsmunum og stórum félögum og móðurfélögum stórra samstæðna.
- Reikningsskilanefnd FLE telur að félög þurfi að uppfylla öll skilyrði, þ.e.a.s. þarf að vera eining tengd almannahagsmunum **og** uppfylla stærðarmörkin.

5. Skýrsla stjórnar og áritun endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd FLE hefur beðið endurskoðendaráð um álit á því hvernig skuli staðfesta upplýsingar í skýrslu stjórnar. Þetta er ekki breyting frá fyrri árum en það er mismunandi eftir endurskoðunarfyrirtækjum hvernig skýrsla stjórnar er staðfest í áritunum. Samkvæmt 3. gr. laganna er skýrsla stjórnar hluti ársreiknings. Það er ástæðan fyrir því að í upptalningu á því hvað ársreikningur hefur að geyma. Í 104. gr. segir að í áritun endurskoðanda skuli koma fram álit á því hvort skýrsla stjórnar geymi þær upplýsingar sem þar ber að veita. Einhver endurskoðunarfyrirtæki hafa tekið skýrsluna út úr upptalningu á því sem ársreikningur hefur að geyma, en bætt inn sérstakri málsgrein þar sem staðfest er að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita. Það sem er óljóst er hvort endurskoðendur eigi að staðfesta þær upplýsingar sem koma fram í skýrslu stjórnar, hvort þær séu réttar, eða aðeins að gefa álit á því hvort allar upplýsingar sem krafist er skv. lögnum séu til staðar. Í 3. mgr. 104. gr. er fjallað um skoðunarmenn. Þar segir m.a. að skoðunarmenn skuli sannreyna að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og vekja athygli á því ef svo er ekki. Ekkert segir í greininni um það hvort endurskoðendur skuli vekja athygli á því ef ekki eru allar upplýsingar til staðar.

Reikningsskilanefnd FLE tekur ekki afstöðu. Málið er hjá endurskoðunarnefnd FLE og Endurskoðunarráði.

ÖRFÉLÖG OG HNAPPURINN

6. Er það í samræmi við lög að mismuna örfélögum varðandi það hvaða kröfur ársreikningar þeirra þurfa að uppfylla, eingöngu á þeim grundvelli hvort hnappurinn er notaður eða ekki sem og það hvort örfélög þurfi að notast við skoðunarmenn eða ekki. (4. mgr. 96. gr.).

Rétt er að benda á að notkun hnappsins er undanþáguheimild en ekki skylda, öll örfélög hafa því val um hvort þau nýti sér undanþáguna eða ekki.

96.gr 4.mgr: Félag sem nýta sér heimild í 3. gr. til að skila rekstraryfirliti og efnahagsyfirliti byggðum á skattframtali félagsins eru undanþegin skyldunni til að kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmenn ársreikninga.

Miðað við núverandi lög, reglur, leiðbeiningar o.fl. þá virðist vera lagaleg skylda að útbúa ársreikningi samkvæmt öðrum lögum eins og t.d. lög um hlutafélög, lög um einkahlutafélög, lög um tekjuskatt (nýgerðar breytingar) o.fl. og því getum við ekki ráðlagt annað en að útbúa þurfi ársreikning fyrir öll félög.

Hnappinn mætti þá nota til að setja upp ársreikning sem er birtur í Ársreikningaskrá.

Benda má þó á að ný útgefna leiðbeiningar RSK með skattframtali lögaðila tiltaka að Örfélög sem nýta sér hnappinn þurfi ekki að skila hefðbundnum ársreikningi með framtali sínu.

7. Hvernig ber að taka á því að ekki er til staðar skilgreining á hugtakinu fjármögnunarleigusamningur í lögnum.

Lögin vísa til settra reikningsskilareglna og þar með IFRS ef ekki er tekið á því í lögum um ársreikninga.

8. Það virðist vera almenn túlkun að fyrirtæki (sem ekki hafa heimild til að nota IFRS) geti ekki valið á milli beinna ákvæða um tiltekin atriði í lögnum og settra reikningsskilareglna. Fylgja skuli ákvæðum laganna þegar þau eru skýr, en ekki í samræmi við settar reikningsskilareglur. Það er hins vegar óljóst hvað gildi ef það eru ekki bein ákvæði um tiltekin atriði í lögnum og ekki samræmi í IFRS annars vegar og reglum reikningsskilaráðs hins vegar.

Lög skilgreina enga forgangs röðun. Hér er það mat nefndar að gæta samræmis við val á reikningsskilaaðferðum og gera grein fyrir því með skýrum hætti hvaða reikningsskilaaðferð er beitt.

BUNDIÐ EIGIÐ FÉ

9. Innleiðingar lagabreytinga - takmarkast binding við 1.1.2016?

Það er mat reikningsskilanefndar að eingöngu þurfi að binda eigið fé frá 1.1.2016. Ekki þurfi að breyta upphafsstöðum. Endanleg niðurstaða hlýtur að ráðast af túlkun Ríkisskattstjóra á ákvæðunum.

10. Neikvæðir gangvirðisreikningar á meðal eiginfjár - eykur getu til greiðslu arðs?

Það er mat nefndarinnar að tilgangur þess að færa gangvirðisbreytingar á sérstaka gangvirðisreikninga geti ekki verið að auka getu til arðgreiðslu. Þeir geti því ekki haft neikvæða stöðu. Endanleg niðurstaða hlýtur að ráðast af túlkun Ríkisskattstjóra á ákvæðunum.

11. Er alltaf sama binding í eigin fé móðurfélags og samstæðu?

Eigið fé samstæðu skal endurspegla eigið fé þeirra félaga sem eru í samstæðunni. Því er það mat okkar að bundið eigið fé móður- og dótturfélaga þurfi að vera einnig bundið í samstæðu. Samanber 41. gr. laga um ársreikninga þarf að færa hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningum hjá dóttur- og hlutdeildarfélögum á samsvarandi bundna eiginfjárreikninga móðurfélagsins.

Reikningsskilanefnd bendir á að gæta þarf að bundnir liðir innan eigin fjár séu ekki tvítaldir í samstæðu.

12. Á binding einnig við um hlutdeildarskírteini og markaðsskuldabréf (t.d. íbúðabréf)?

Veltur á því hvernig eignir eru skilgreindar. Ef eign er tilgreind á gangvirði við upphaflega skráningu (e. designated) þá er gangvirðisbreytingin bundin. Ef um er að ræða veltufjáreign (e. held for trading) þá er það ekki bundið. Endanleg niðurstaða hlýtur að ráðast af túlkun Ríkisskattstjóra á ákvæðunum.

13. 41. gr. ný lög - um bundnar hlutdeildartekjur. Má færa greiddan arð á árinu 2016 til frádráttar á bindingu sem verður vegna hlutdeildartekna? Eða munu hlutdeildartekjur 2016 standa bundnar og enginn frádráttur þar sem ákvörðun um greiddan arð verður ekki tekin fyrir fyrir en eftir áramót þ.e. 2017?

Skiptar skoðanir voru um þetta atriði innan nefndarinnar og tekur nefndin ekki afstöðu. Endanleg niðurstaða hlýtur að ráðast af túlkun Ríkisskattstjóra á ákvæðunum.

14. Vantar skilgreiningu á hugtakinu bundnir eiginfjárreikningar

Í stjórnarfrumvarpi má finna umfjöllun löggjafans þar sem má finna málsliðinn „um 27. gr.“. Í henni segir að verið sé að setja ákvæðið um bundna hlutdeildarreikninga meðal eigin fjár í samræmi við ákvæði c-liðar 7. mgr. 9. gr. Evróputilskipunar 2013/34/ESB en þar segir: „the amount of the difference shall be placed in a reserve which cannot be distributed to shareholders.“. Er því skilgreining okkar á bundnum eiginfjárreikningum í samræmi við tilskipunina að um sé að ræða aðgreinanlega lið meðal eigin fjár sem ekki sé hægt að greiða arð út á.

15. Getur bundin eiginfjárreikningur vegna hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélagi orðið neikvæður, t.d. ef tap af rekstri hlutdeildarfélags eða arður er umfram hagnað ?

Í lögum um ársreikninga er ekki gerður greinarmunur á tapi og hagnaði heldur talað um hlutdeild. Í tilskipuninni er talað um profit (hagnaður). Því er það mat nefndarinnar að andi laganna sé að binda óinnleyst eigið fé, ekki mynda frekari arðgreiðslumöguleika. Bundinn hlutdeildarreikningur geti því ekki orðið neikvæður.

16. Mætti jafna hlutdeildartapi einnar eignar á móti mismuni á hlutdeildarhagnaði og mótteknum arði annarrar eignar?

Það er mat nefndarinnar að slíkt sé ekki í samræmi við anda laganna (sjá svar að ofan). Því ætti ekki jafna saman tapi einnar einingar á móti hagnaði annarrar.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

17. Endurmat rekstrarfjármuna skv. 31. gr. – hafi endurmat farið fram fyrir 01.01.2016 ber þá að endurmeta (afturvirk regla - íþyngjandi) eða gildir þessi regla einungis fyrir rekstrarfjármuni sem eru endurmetnir eftir 01.01.2016?

Miðað við eðli liðarins þá ætti ekki að þurfa að endurmeta árlega eignir sem hafa verið endurmetnar fyrir 1.1.2016. Nefndin var hins vegar ekki sammála um þetta atriði. Endanleg niðurstaða hlýtur að ráðast af túlkun eftirlitsaðila á ákvæðinu.

18. Ber að skilja 2. mgr. 41. gr. Sem fjallar um viðskiptavild vegna fjárfestingar í dóttur- eða hlutdeildarfélagi á þann hátt að afskrifa beri viðskiptavild á 10 árum, án tillits til virðisrýrnunar?

Nei, meginregla reikningsskila er að ofmeta ekki eignir og að mati reikningsskilanefndarinnar getur 30.gr 3.mgr. möguleika á niðurfærslu viðskiptavildar í formi virðisrýrnunar.

19. Álitaefni er uppi hvernig fara skuli með viðskiptavild sem fyrir er í bókum við gildistöku laganna þann 1. janúar 2016 og gætu eftirfarandi möguleikar komið til greina:

- a. Fara með lagabreytingu í samræmi við 2. mgr. 13.gr. þ.e. breyting á reikningshaldslegu mati. Afskrifa viðskiptavild um 10% á árinu 2016, óháð því hvernig farið hefur verið með hana í eldri reikningsskilum.
- b. Fara með lagabreytingu í samræmi við 1. mgr. 13. gr , þ.e. breytingu á reikningsskilaaðferð. Færa þarf því viðskiptavildina eins og hún hefði alltaf verið afskrifuð á 10 árum og breytingin færi yfir eigið fé. Myndi þetta leiða til þess að viðskiptavild sem ekki hefur verið afskrifuð áður í reikningsskilum yrði færð niður að fullu ef hún er eldri en 10 ára.
- c. Meðferð helgast af því hvernig farið var áður með viðskiptavild í reikningsskilum. Ef viðskiptavild hefur verið afskrifuð í eldri reikningsskilum telst breytingin breyting á reikningshaldslegu mati þar sem afskrift fer úr því sem hún áður var í 10 ár. Eingöngu er

breytt um afskriftarprósentu sem nú hefur verið tilgreind í lög. Ef viðskiptavild hefur ekki verið afskrifuð áður er hér um að ræða breytingu á reikningskilaaðferð og þarf því gera afturvirkar leiðréttingar yfir eigið fé.

Reikningsskilanefnd telur að um sé að ræða breytingu á reikningshaldslegu mati en ekki breytingu á reikningsskilaaðferð.

Mat nefndarinnar á viðskiptavild er eftirfarandi:

- Félag sem hefur ekki afskrifað viðskiptavild sína skal afskrifa núverandi stöðu viðskiptavildar í 10 ár frá 1.1.2016
- Félag sem hefur afskrifað viðskiptavild sína og á meira en 10 ár eftir af afskriftartímabili hennar skal afskrifa núverandi stöðu viðskiptavildar í 10 ár frá 1.1.2016
- Félag sem hefur afskrifað viðskiptavild sína og á minna en 10 ár eftir af afskriftartímabili skal halda áfram sinni afskrift – óbreytt staða.

FJÁRMÁLAGERNINGAR

20. 38. gr. ný lög - Óinnleystar gangvirðisbreytingar sem eru bundnar vegna skuldabréfa. Er ekki eingöngu að verið að tala um „clean“ verðið sem er óinnleysta gangvirðisbreytingin? „Dirty prices“ er með áföllnum vöxtum + markaðsvirðið. Það er „clean“ verðið sem breytist eftir markaðnum. Skuldabréf sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta - þar á ekki að taka áfallna vexti og færa þá sem óinnleysta gangvirðisbreytingu.

Nefndin telur að hér sé eingöngu átt við „clean“ verðið.

21. Fjármálagerningar virðast, skv. lögum um ársreikninga, samanstanda af:

Fjáreignir tilgreindar á gangverði í gegnum rekstur við upphaflega skráningu: Þessi tegund fjármálagerning er skilgreind sem fjármálagerningar sem ekki teljast vera veltufjáreignir en félag hefur kosið að færa á gangvirði gegnum rekstur við upphaflega skráningu. Samkvæmt flokkun í IAS 39 eru veltufjáreignir (held for trading) hluti af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur (Financial assets or financial liability af fair value through profit or loss).

Fjáreignir til sölu: Ekki skilgreint í lögnum. Hér má álykta að um sé að ræða fjáreignir (sjá skilgreiningu á fjáreign í lögnum) sem eru ekki skilgreindar sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur við upphaflega skráningu. Líklega falla veltufjáreignir ekki heldur hér undir.

Veltufjáreignir: Þær fjáreignir sem hafa verið keyptar í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum.

Hvergi er minnst á það í lögnum hvernig skuli fara með veltufjáreignir.

Í 36. gr. laganna er fjallað um mat og flokkun fjármálagerningum. Skv. 1. mgr. er heimilt að meta fjármálagerninga til gangvirðis og skal flokka þá annað hvort sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða sem fjáreign til sölu. Hvað með veltufjáreignir?

Í 2. mgr. 36. gr. eru taldar upp þær eignir sem 1. mgr. nær ekki til, s.s. fjármálagerningar sem ætlunin er að eiga til gjalddaga, aðrir en afleiðusamningar.

Í 1. mgr. 38. gr. kemur fram að breytingar á gangvirði fjármálagerninga skuli færa á rekstrarreikning. Síðan segir að færa skuli sömu fjárhæð vegna matsbreytinga tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt sé að úthluta arði af, að teknu tilliti til skattáhrifa.

Í 2. mgr. 38. gr. segir að gangvirðisbreyting skuli færast beint á gangvirðisreikning í ákveðnum tilvikum, þ.á.m. ef um er að ræða matsbreytingu fjáreignar til sölu.

Eftir stendur að hugtakið veltufjáreignir er skilgreint í 2. gr. laganna en ekkert er minnst á þessa tegund eigna að öðru leyti, hvorki hvernig skuli meta veltufjáreignir né hvernig skuli fara með matsbreytingar.

Það virðist vera ljóst að veltufjáreignir séu fjármálagerningar, en ekki óljóst hvort heimilt sé að meta þessar eignir á gangvirði, sbr. 36. gr. þar sem aðeins er heimilað að fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur og fjáreignir til sölu séu metnar á gangvirði. Hins vegar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu (um 25. gr.), þar sem 38. gr. laganna er breytt, að matsbreytingar vegna veltufjáreigna muni nú sem áður færast af rekstrarreikningi á óráðstafað eigið fé. Það var ekkert um veltufjáreignir í lögum fyrir breytinguna.

Það er mat reikningsskilanefndar að í raun hafi engar efnislegar breytingar verið gerðar á meðhöndlun veltufjáreigna í tengslum við lagabreytingarnar í júní 2016, þegar hugtakið var skilgreint, nema sú óverulega breyting að bætt var við skilgreininguna eftirfarandi „eða á miðlara þóknun.“ Með veltufjáreignum er átt við „trading“ fjáreignir samkvæmt skilgreiningu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IAS 39). Ef horft er til þess þegar upphafleg heimild um mat fjáreigna á gangvirði og færslu gangvirðis í gegnum rekstur kom inn í lögin þá kom fram í athugasemdum með frumvarpinu: „Ákvæði 1. mgr. nær til fjármálagerninga sem aflað er í þeim tilgangi að selja aftur (e. available for sale) eða er aflað til að hagnast á verðbreytingum sem verða innan skamms eignarhaldstíma (e. trading).“ Í ársreikningalögum er ekki að finna nein ákvæði sem setja á takmarkanir á arðgreiðslur vegna gangvirðisbreyting á fjáreignum sem flokkaðar eru sem veltufjáreignir, heldur ber að færa gangvirðisbreytingar af þeim í gegnum rekstur og þaðan á óráðstafað eigið fé.

22. Hversu langt aftur skal fara við virðisbreytingar við gerð ársreiknings 2016? Skal færa eingöngu matsbreytingar sem myndast eftir 1. janúar 2016 á gangvirðisreikning eða á að færa uppsafnaðar matsbreytingar frá því fjárfestingin var upphaflega gerð?

Það er mat nefndarinnar að ekki þurfi breyta samanburðarfjárhæðum né stöðu 1.1 – því eingöngu eigi að horfa til gangvirðisbreytinga eftir 1.1.2016.

23. Mætti jafna saman jákvæðar matsbreytingar einnar eignar á móti neikvæðum matsbreytingum annarrar eignar við úthlutun arðs?

Í lögum um ársreikninga er fjallað um fjáreignir í fleirtölu og miðað við eðli liðarins er það mat nefndarinnar að heimilt sé að jafna slíkum gangvirðisbreytingum saman. Það stangast á við bundinn hlutdeildarreikning en þó margt sé líkt með þeim tveim liðum telur nefndin vera þó grundavallarmunur þar á, sérstaklega við uppgjör fjármálagerninga.

Febrúar 2017